

## 229. fundur

*Þriðjudaginn 17. mars 2009, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, og Sigurður Loftsson. Magnús Ólafsson og Auður Birgisdóttir voru fjarverandi.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Fundargerð og dagskrá.

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

### 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2008 og mars 2009.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir desember 2008 og mars 2009. Framreiknaður heildarkostnaður grundvallarins fyrir desember 2008 var kr. 28.036.300.- og fyrir mars 2009 kr. 28.274.726.-, (en áður hafði verið tekið tillit til lækkunar á flutningskostnaði á mjólk úr 2,12 kr. í 2,05 kr. á ltr. mjólkur), en þetta er 4,0335% hækkun frá september 2008. Nefndin staðfesti framlagða grundvelli.

### 3. Drög að frumvarpi um breytingu á búvörulögum.

Formaður gerði grein fyrir síðustu drögum að frumvarpi um breytingu á búvörulögum sem kynnt höfðu verið sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd í síðustu viku, en í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld verði afnumin, skv. 19. og 22. gr. Formaður gat þess að eftir ítarlega skoðun lögfræðinga væri það skilningur ráðuneytisins að hlutverk verðlagsnefndar ætti ekki að breytast við afnám gjaldanna og að nefndinni væri áfram heimilt að verðleggja einstakar framleiðsluvörur með mismunandi framlegð. Nefndin gerði ekki athugasemdir við þessa túlkun.

### 4. Úrskurður Samkeppniseftirlits á hendur Bændasamtökum Íslands.

Haraldur gerði nefndinni grein fyrir úrskurði Samkeppniseftirlitsins á hendur B.Í. en í úrskurðinum voru samtökin sektuð um 10 m.kr. fyrir að hafa staðið fyrir meintu samráði framleiðenda á búvörum. Haraldur benti m.a. á að svo virtist sem að eftirlitið tæki ekki tillit til andmæla BÍ, né heldur sinnti það ráðgjafahlutverki sínu um það hvernig BÍ mætti starfa. Þá virtist eftirlitið ekki taka mið af „sérlægum“ þ.m.t. Búvörulögum.

### 5. Önnur mál.

Lagt var fram bréf SAM um efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2008/2009, dags. 30. september 2008, sem láðst hafði verið að leggja fyrir nefndina. Í bréfinu er lagt til að efnainnihld viðmiðunarmjólkur 2008/2009 verði fyrir fitu; 4,00% og prótein 3,36%. Nefndin staðfesti tillöguna.

Næsti fundur ákveðinn 7. apríl kl. 10:00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 230. fundur

*Þriðjudaginn 7. apríl 2009, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson í síma, Elin Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð og dagskrá.**

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### **2. Ársuppgjör Mjólkursamsölnunnar ehf 2008.**

Magnús lagði fram ársreikning Mjólkursamsölnunnar ehf fyrir árið 2008. Rekstrareikningur ársins sýnir tap að fjárhæð kr. 659.849.345.- en tap fyrir fjármagnsliði og skatta var kr. 129.697.153.- Við umræður um skýrsluna kom fram að vonir stæðu til þess að afkoma þessa árs yrði betri, m.a. vegna tekjuaukningar frá síðustu verðhækkun. Nefnt var að hagræðing síðustu misseri eigi eftir að skila sér frekar á þessu ári.

#### **3. Sala mjólkurvara janúar – mars 2009.**

Pálmi lagði fram yfirlit yfir sölu vörflokka janúar – mars 2009, fór yfir og skýrði. Fram kom að tölur væru með fyrirvara þar sem að páskar væru ekki inni í ár og því gæfi apríl yfirlit skýrari mynd.

#### **4. Starfið framundan.**

Ákveðið var að biða með fund þar til nýjar forsendur fyrir verðlagsgrundvöll koma frá Hagstofu Íslands og sjá hvernig þróun búvörusamningar verður. Einnig að sjá hvernig gengismál, vextir og gengismál þróast á næstunni og biða fram yfir komandi kosningar sem verða 26. apríl n.k.

#### **5. Önnur mál.**

Formaður lagði fram til kynningar ársreikning verðtilfærslusjóð fyrir árið 2008 og Verðmiðlunarsjóð mjólkur 2008, unnið af Deloitte. Nánar vísast til þessara uppgjöra. Nefndin ræddi skýrslurnar og fram kom að nauðsynlegt væri að ná jafnvægi og minnka verðtilfærslur, en ójafnað tap fyrri ára er 83,5 m.kr.

Næsti fundur var ákveðinn 13. maí kl. 13:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 231. fundur

*Þriðjudaginn 16. júní 2009, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elin Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð og dagskrá**

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### **2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2009**

Formaður lagði fram verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní 2009, annars vegar með geymdum vöxtum kr. 525.374.- og hins vegar án lækkunar á geymdum vöxtum, skv. vaxtaútreikning Einars Hafliða hjá Deloitte, sjá nánar framlagða grundvelli. Við umræður um grundvöllinn voru gerðar athugasemdir við það að engin verðmyndun hafi átt sér stað í vélum. Fulltrúar bænda nefndu þá að þeir telji sig eiga inni uppsafnaða hækkun vegna kjarnfóðurs, þótt Hagstofan sýni nú lækkun á liðnum. Við frekari umræðu var rætt um hvenær skyldi taka inn geymda vexti nú í komandi vaxtalækkunarferli og einnig veltu menn fyrir sér hvernig neysluvísitala komi til með að þróast á næstu vikum, ásamt vinnu við gerð „stöðuleikasáttmála“ sem nú stendur yfir. Samþykkt var að fresta staðfestingu grundvallarins til næsta fundar.

#### **3. Staða vinnslu- og dreifingarkostnaðar og verðlagningar**

Pálmi lagði fram “Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum” og “Yfirlit yfir breytingu kostnaðarliða vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur sept. 2008 til maí/júní 2009”, fór yfir og útskýrði. Einnig sýndi Pálmi hver þróun á neyslusamsetningu mjólkurvara hefur verið að unandförnu, þ.e. neysla í ltr. er sú sama í grunnvöru, en neysla á unninni mjólkurvöru hefur hins vegar dregist umtalsvert saman. Rætt var um stöðu verðlagningar, mismunandi framlegð á vörum, úrskurð samkeppnisstofnunar og hlutverk og skyldur nefndarinnar. Ákveðið var að skipa vinnuhóp til þess að kortleggja þann vanda sem við er að fást í vinnslunni og freista þess að koma með tillögum fyrir næsta fund.

#### **4. Önnur mál**

Næsti fundur í nefndinni var ákveðinn þriðjudaginn 7. júlí kl. 9.30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 232. fundur

Þriðjudaginn 7. júlí 2009, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð og dagskrá

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2009

Tekin var upp umræða frá síðasta fundi. Formaður lagði fram verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní 2009, annars vegar með geymdum vöxtum kr. 525.374.- og hins vegar án lækkunar á geymdum vöxtum, skv. vaxtaútreikning Einar Hafliða hjá Deloitte, sjá nánar framlagða grundvelli. Við umræður um grundvöllinn voru enn gerðar athugasemdir við það að engin verðmyndun hafi átt sér stað á vélamarkaði skv. því sem kemur fram hjá Hagstofunni. Þá var rætt um tímasetningu á því að setja inn í grunninn geymda vaxtaliðinn. Verðlagsgrundvöllur var svo staðfestur af nefndinni, með geymdum vöxtur kr. 525.374.- en skv. honum er kostnaður alls kr. 27.574.221.- og er það 1,46% hækkun frá september 2009.

#### 3. Umræða um stöðu vinnslu- og dreifingarkostnaðar og verðtilfærslu

Rætt var ítarlega um stöðu vinnslu- og dreifingarkostnaðar en þar kom fram að samkvæmt módeli er hækkunarþörf iðnaðarins 7,68%. Í þeirri tölu hafði ekki verið gert ráð fyrir auknum greiðslum í atvinnutryggingasjóð launa úr 5,34% í 7% né kjarahækkun 1. júlí. Þá var rætt um verðtilfærslu sem skekki verðmyndun á markaði, t.d. er hægt að kaupa mjólk á undirverði og framleiða dýrari vöru. Fulltrúar iðnaðarins töldu að best væri að varan sé seld sem næst raunverði. Fulltrúar neytenda töldu að ekki væri nauðsynlegt að vara sé seld á raunverði og benda á að verðtilfærslu hafi verið komið á m.a. í þeim tilgangi að hægt væri að framleiða viðkvæmar vörur og halda uppi framleiðslu í samkeppni við innfluttar vörur. Nokkur vinna fór fram milli funda en í henni tóku þátt fulltrúar iðnaðarins og fulltrúar neytenda sem laut m.a. að dregið verði úr verðtilfærslu í áföngum. Samkomulag varð síðan í nefndinni um að dregið verði úr verðtilfærslu um 40% við þessa verðlagningu. Þá varð samkomulag um eftirfarandi bókun: „Verðlagsnefnd búvöru muni á næstu 24 mánuðum leitast við að minnka þörf á verðtilfærslu í verðlagningu mjólkurvara sem undir hana heyra. Bændur falli frá hækkun afurðaverðs að þessu sinni vegna erfiðrar rekstrarstöðu mjólkuriðnaðarins“.

Þá tók nefndin sameiginlega ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, taki breytingum 1. ágúst n.k.

Verð mjólkurvara mun taka mismiklum breytingum en hækkar að meðaltali um 3,47%. Heildsöluverð nýmjólkur mun hækka um rúmar 8 kr. á lítra eða 9%. Minni verðhækkun verður á léttmjólk eða um 4,6%. Heildsöluverð á rjóma mun lækka um 0,7%. Heildsöluverð á mjólkurdufti hækka um 13,5%.

Við þessa breytingu má gera ráð fyrir að einn lítri af nýmjólk hækki í smásölu um tíu krónur, en álagning smásala á mjólkurvörum er frjáls.

Ástæður þessara verðhækkana eru einkum tilkomnar vegna verðhækkana á aðföngum og öðrum rekstrarkostnaði í mjólkuriðnaði. Verð til bænda hækkar ekki.”

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 233. fundur

Mánudaginn 7. desember 2009, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Einar Sigurðsson og Sigurður Loftsson. Í fjarveru Elínar Bjargar Jónsdóttur sat Ragnar Ingimundarson fundinn. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð og dagskrá

Formaður bauð velkomna á fundinn nýjan fulltrúa í nefndina, Einar Sigurðsson, sem tilnefndur er af SAM og Ragnar Ingimundarson, sem sat fundinn í fjarveru Elínar Bjargar. Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### 2. Niðurstaða búreikninga

Formaður bauð velkominn á fundinn Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins. Jónas lagði fram skýrslu, Niðurstöður búreikninga 2008, fór yfir og útskýrði. Óskað var eftir því að Jónas tæki saman frekari sundurliðun á sérhæfum kúabúum, þ.e. öll bú 2008 og sömu bú, 2007 og 2008.

#### 3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur – september og desember 2009

Formaður lagði fram framreiknaða verðlagsgrundvelli kúabús fyrir september 2009 og desember 2009, án vaxtabreytinga. Rætt var um véralið grundvallarins, vexti, samsetningu lána o.fl.

Nefndin staðfesti septembergrundvöll en desembergrundvöllur var einungis lagður fram til kynningar og verður tekinn fyrir á næsta fundi.

#### 4. Erindi frá Mjólkku

Formaður lagði fram erindi frá Mjólkku, dags. 10. október 2009, þar sem mótmælt er hækkun á mjólk í lausu máli og óskað skýringa. Ákveðið var að fela Pálma að taka saman yfirlit um breytingar á verðlagningu síðustu ár, m.t.t. vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Fram kom hjá fulltrúum bænda að eðlilegast væri að verð á mjólk í lausu máli endurspegli verð til framleiðenda.

#### 5. Erindi frá SAM um efnainnihald viðmiðunarmjólkur, verðlagsárið 2009/2010

Formaður lagði fram bréf frá SAM þar sem óskað er eftir staðfestingu verðlagsnefndar búvöru á útreikningum á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2009/2010. Nefndin gerði engar athugasemdir og staðfesti því útreikninginn.

## 6. Önnur mál.

Undir liðnum önnur mál var liður flutnings mjólkur ræddur. Fulltrúar iðnaðarins veltu því upp að breyta útfærslu á liðnum með því að færa kostnaðinn frá framleiðendum yfir á iðnaðinn. Pálmi mun koma með frekari útfærslu og skýringar á þessum breytingum á næsta fund nefndarinnar.

Næsti fundur var ákveðinn fimmtudaginn 7. janúar 2010.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir